

Hátíðarathöfn þann 20. janúar 2023

Útskrift úr starfsnámi til sérfræðingsréttinda í hjúkrun og ljósmóðurfræðum á Landspítala

Höfundur

KATRÍN BLÖNDAL

sérfræðingur í hjúkrun og kennslustjóri starfsnáms til sérfræðiráttinda í hjúkrun og ljósmóðurfræðum

Föstudaginn 20. janúar síðastliðinn var haldin fjölmenn útskriftarathöfn í Hringsal þar sem útskrifaðir voru fjórir hjúkrunarfræðingar og ein ljósmóðir úr starfsnámi til sérfræðingsréttinda í hjúkrun og ljósmóðurfræðum.

Námið, sem er tveggja ára starfsnám, er á vegum menntadeildar og framkvæmdastjóra hjúkrunar á Landspítala. Markmið þess er að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður fái tækifæri til að þróa sérfræðilekkingu á ákveðnu fræðasviði sem nýtist skjólstæðingum Landspítala og þjálfun í fimm meginhlutverkum sérfræðinga í hjúkrun/ljósmóðurfræðum sem eru:

- Klínískt starf
- Kennsla og fræðsla
- Ráðgjöf
- Rannsóknir, gæða- og þróunarstörf
- Fagleg þróun

Alls hafa 50 hjúkrunarfræðingar og ljósmæður útskrifast úr starfsnáminu og bættust fimm við þann hóp núna, en þess má geta að 15 nemendur eru nú í náminu.



Útskriftarhópurinn



Halla Ósk Halldórsdóttir ljósmóðir.

Halla Ósk vinnur á fæðingavakt kvenna og barnaþjónustu og hefur sérhæft sig í fæðingarhjálp með áherslu á bráðaæfingar og úrlestur fösturhjartsláttar.

Helga Ýr Erlingsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Helga Ýr vinnur á hjartadeild I4EG og göngudeild hjartsláttartruflana og hefur sérhæft sig í hjúkrun sjúklinga með gáttatíf.

Katrín Edda Snjólaugsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Katrín Edda vinnur í líknar-ráðgjafarteymi Landspítala. Hennar sérhæfing er líknarmeðferð en einnig hefur hún skoðað sérstaklega áhrif virðingar á andlega líðan sjúklinga.

Snædís Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur.

Snædís vinnur á göngudeild taugasjúkdóma þar sem sérsvið hennar er Parkinsonsveiki og skyldir sjúkdómar.

Vigdís Friðriksdóttir hjúkrunarfræðingur.

Vigdís vinnur á sáramiðstöð og er sérsvið hennar sérhæfð sárameðferð en hún hefur lagt sérstaka áherslu á hjúkrun sjúklinga með brunasár.